

## 6. fundur

Æskulýðs- og íþróttanefnd hélt fund þriðjudaginn 4. febrúar 2003 kl. 17:00 í Ráðhúsinu. Mætt voru Ríkharður Hrafnkelsson, María Valdimarsdóttir, Kristín Rut Helgadóttir, Alda Pálsdóttir og Guðfinna D. Arnórsdóttir og Dallilja Inga Steinarsdóttir frá félagsmiðstöðinni. Vignir Sveinsson og Sigurborg Sturludóttir boðuðu forföll.

Ríkharður setti fund kl. 17:05 og bauð alla velkomna.

1. Yfirlit forstöðumanna um starfið.

X-ið.

Starfið gengur vel. Bingó og 2 pizzuveislur. Einar, stærðfræðikennari er með teiknileiknileik. Keppni í hár og förðun var haldin síðasta föstudag og gekk mjög vel. Vegleg verðlaun í boði. Katrín Gísladóttir og Bjarndís Emilsdóttir voru dómamarar ásamt Steinunni Helgadóttur og Ólöfu Eddu Steinarsdóttur. 6 lið tóku þátt (17 krakkar).

Íþróttamiðstöð.

Mannabreytingar í Íþróttamiðstöðinni voru um áramót. Karl V. Dyrving og Hólmfríður Hildimundardóttir hættu og í staðinn voru ráðin Guðmundur Teitsson og Halla Rán Friðgeirsdóttir. Annars gengur vel.

2. Bréf UMFÍ, varðandi aðstöðu aldraðra í íþróttahúsi.

Ríkharður las bréf frá Óla Jóni þar sem nefndinni er falið að fjalla um bréf frá UMFÍ. Ríkharður las upp bréf frá UMFÍ. Umræður um þetta mál og töldu fundarmenn aðstöðu aldraðra að íþróttamiðstöðinni nokkuð greiða.

3. Hugmyndir um hagræðingu í rekstri íþróttamiðstöðvar.

Sundlaug opnar kl. 7:05 á morgnana og starfsfólk mætir 7:00 í stað 6:30. Einnig lokar íþróttamiðstöð alla daga vikunnar kl. 22:30, nema mánudaga í stað 23:00 og er því kominn sparnaður um 1 klst. á dag. Einnig verið að fara ofan í innkaup.

4. Rekstur félagsmiðstöðvar með tilliti til fjárhagsáætlunar.

Hafa ca. 1 milljón til ráðstöfunar á árinu. Búnað að ákveða hvað þarf að kaupa.

5. Önnur mál.

Guffý og Inga Dalla fóru á sameiginlegan fund félagsmiðstöðva á Nesinu í Grundarfirði. Á þessum fundi kom fram áhugi á að gera daginn sem Samfés ballið er, að sameiginlegum skemmtidegi félagsmiðstöðva á Nesinu. Farið af stað um morguninn, farið í sund, keilu, út að borða o.þ.h. Undanfarið hefur 8.-10. bekkur farið á Samfés ballið. 8. bekkur í ár er aftur á móti mjög stór (32 börn). Ef ekki fást 4 foreldrar með þessum bekk þá fá þau ekki að fara með.

Fundi slitið kl. 18:00.

María Valdimarsdóttir (sign.),  
Kristín Rut Helgadóttir (sign.),  
Dallilja I. Steinarsdóttir (sign.),

Ríkharður Hrafnkelsson (sign.),  
Guðfinna D. Arnórsdóttir (sign.),  
Alda Pálsdóttir (sign.).